



Reykjavík, 13. janúar 2025

VEL25010022

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

### **Efni tillögu: Aðgerðir á grundvelli endurskoðaðrar aðgerðaáætlunar í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir**

Lagt er til að velferðarráð samþykki að sett verði á fót sértækt tímabundið húsnæði fyrir sex konur. Áætlaður kostnaður er 199 m.kr. í launa- og rekstrarkostnað á ári. Áætlaður leigukostnaður er 19,2 m.kr. á ári. Áætlað er að leigutekjur frá íbúum verði um 1,3 m.kr. á ári.

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um fjölgun stöðugilda í Vettvangs- og ráðgjafarteymi velferðarsviðs til að sinna næturþjónustu. Áætlaður kostnaður er 60 m.kr. á ári.

Lagt er til að velferðarsvið samþykki að núverandi starfsemi Konukots flytjist í annað tímabundið húsnæði. Áætlaður leigukostnaður á ári er um 19,8 m.kr.

Framlagðar tillögur rúmast innan fjárheimilda ársins 2025 eða samtals 298 m.kr.

### **Greinargerð:**

Á árinu 2025 er lagt til að eftirfarandi tillögur komist til framkvæmda. Alls er áætlað að kostnaður vegna þeirra verði alls 298 m.kr. á árinu 2025.

### **Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði fyrir konur**

Með búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði er unnið að því að meta þjónustupörf einstaklinga, undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði á grundvelli þjónustumats. Um er að ræða sólarhringsþjónustu.

Tímabundið sértækt húsnæði fyrir karla var sett á stofn á árinu 2024 en mikilvægt er að tryggja konum sambærilegt úrræði. Gert er ráð fyrir 12 stöðugildum í úrræðinu sem rekið yrði af Reykjavíkurborg. Íbúar greiða leigu í húsnæðinu.

Fundist hefur húsnæði sem talið er að henti vel undir starfseminu. Eignaskrifstofa vinnur að gerð leigusamnings. Gert er ráð fyrir að húsnæðið hýsi einnig neyðarskýli fyrir konur,



**Reykjavík**



en húsnæðið er á tveimur hæðum með aðskildum inngangi. Einhverjar breytingar þarf að gera á húsnæðinu náist samningar en tryggja þarf að húsnæðið uppfylli kröfur opinberra eftirlitsaðila. Á þessum tímamarki er ekki hægt að segja til um hvenær húsnæðið yrði tilbúið en vonast er til að það verði tilbúið til afhendingar mjög fljótlega, ef samningar nást.

### **Aukin stöðugildi í Vettvangs- og ráðgjafarteymi**

Í endurskoðaðri aðgerðaráætlun um stefnu í málefnum heimilislausa er áætlað að styrkja þurfi Vettvangs- og ráðgjafarteymi (VoR) velferðarsviðs m.a. vegna aðgerða um fjölgun húsnæðisúrræða með stuðningi. Eins er mikilvægt að þróa þjónustu teymisins þannig að hægt verði að bregðast við allan sólarhringinn með næturþjónustu.

VoR-teymið aðstoðar fólk sem er heimilislaut og með vímuefnavanda og geðvanda. Teymið veitir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning á vettvangi. VoR-teymið starfar meðal annars með fólk í neyðarskýlum, smáhúsum og í íbúðakjörnum. Það á líka samstarf við ráðgjafa á miðstöðvum velferðarsviðs og bregst við aðstæðum þegar á þarf að halda. Teymið veitir einnig ákveðnum hópi fólks í sjálfstæðri búsetu stuðning og ráðgjöf í anda hugmyndafræðinnar um Húsnæði fyrst.

Með möguleikum á að veita næturþjónustu verður betur hægt að bregðast við atvikum sem upp koma sem og auka stuðning á vettvangi og í úrræðum fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustubarfir.

### **Flutningur starfsemi Konukots í annað húsnæði**

Leit hefur staðið yfir að húsnæði undir starfsemi Konukots. Afar brýnt er að hægt verði að færa starfsemi Konukots frá núverandi húsnæði í Eskihlíð vegna ástands þess. Húsnæðið er komið til ára sinna, er þröngt og á þremur hæðum. Fjöldi fasteigna hefur verið skoðaður en þær hafa ekki uppfyllt þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til starfsemi neyðarskýla.

Fundist hefur húsnæði sem talið er geta mætt starfsemi Konukots, tímabundið. Vesturmiðstöð og Rótin hafa skoðað umrætt húsnæði, en Rótin hefur gert meðfylgjandi athugasemdir við húsnæðið (fylgiskjal1).

Það er mat velferðarsviðs að í nýju húsnæði sé hægt að skapa starfseminni mun betri aðstæður en eru í núverandi húsnæði. Húsnæðið er á einni hæð með lyftu og góðum herbergjum. Skjólið, opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi sem rekið er af Hjálpastarfi kirkjunnar er ekki langt undan. Ljóst er að aðlaga þarf húsnæðið að starfseminni m.a. með breytingum á t.d. gólfefnum og breytingum á aðstæðum utandyra.

Eignaskrifstofa stefnir að því að ljúka samningum í janúar/febrúar 2025 og að í leigusamningi verði kveðið á um að húsnæðið uppfylli kröfur sem gerðar eru til starfsemi neyðarskýla. Í kjölfarið yrði húsnæðið undirbúið undir starfsemina en tímalengd framkvæmda og kostnaður mun ráðast af þeim breytingum sem heimilaðar verða.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 13. janúar 2025



**Reykjavík**